

16. nóvember 2022 klukkan 13:30, að Víkurbraut 62

Mætt voru:

Kjartan Fr. Adólfsson (bæjarskrifstofur)

Soffía Snædís Sveinsdóttir (bæjarskrifstofur)

Örn Sigurðsson (Grunnskólinn)

Fríða Egilsdóttir (leikskólanum Laut)

Einar Sveinn Jónsson (slökkvilið)

Forföll boðuðu:

Baldur Pálsson (þjónustumiðstöð)

Guðlaug Emma Hallbjörnsdóttir (Grunnskólinn)

Ólafur Sigurberg Hafsteinsson (Túngata 15-17)

Margrét D. Guðmundsdóttir (leikskólanum Laut)

1. Drög að vinnuverndarstefnu yfirfarin.

Tillaga um að útbúið sé gott innrasvæði þar sem starfsfólk getur nálgast upplýsingar um vinnuvernd.

-launafulltrúi hefur gert ágætis drög að vinnuverndaráætlun. Hún mun vinna áætlunina áfram í samráði við vinnuverndarnefnd og stefnt er að því að drög verði tilbúin fyrir næsta fund nefndarinnar.

Umræður spunnust út frá þessu verkefni um ýmsa þætti á starfsstöðvum, m.a:

-athugasemd um raddverndarbúnað í skólanum. Ekki er sérstakur míkrófónn fyrir hvern starfsmann, heldur deilir fólk sem nýtir sömu stofu míkrófón.

-tillaga um að endurvekja Þórkötlu til að kynna starfsstöðvar til að auka samheldni og þar með starfsánægju

2. Loftræstikerfi í grunn- og leikskóla

Vinnuverndarnefnd vill ítreka við bæjarstjórn mikilvægi þess að fresta ekki lagfæringu á loftræstikerfum starfsstöðvum til að tryggja viðunandi loftgæði og þar með vinnuaðstæður. Loftgæði í vesturálmum Grunnskóla Grindavíkur eru ekki nógu góð.

CO2 gildi er of hátt. Ástand hefur þegar verið metið í samstarfi við umsjónamann fasteigna. Það skiptir miklu máli fyrir starfsaðstæður, nemendur, skjólstaðinga og þá sem eru meginþorra dagsins í húsnæði á vegum Grindavíkurbæjar og ætti alltaf að vera forgangsatriði. Lagfæring á loftræstikerfum erdýr framkvæmd, en það er líka kostnaður í því að missa starfsmenn frá vinnu vegna veikinda sem möguleg má rekja til lélegra loftgæða. Léleg loftgæði geta einnig haft mjög slæmar afleiðingar á heilsu barna.

3. Rætt um öryggismyndavélar

Vinnuverndarnefnd leggur til að öryggismyndavélum verði fjölgað. T.d. á útisvæði á Laut þar sem hundar skíta í sandkassa og einhverjir reykja hass á skólalóðinni, jafnvel hafa fundist sprautur. Einnig vantar fleiri myndavélar á útisvæði hjá Grunnskóla.

Fleira ekki gert og fundi slitið 14:45